

Stokkhólmur, 09. nóvember 2022

Genid eru pólitískt og trúarlega sem og hugmyndafræðilega óháð sjálfstæð félagasamtök með aðsetur í Svíþjóð. Meðlimir okkar koma frá öllum Norðurlöndunum, þar með talið Íslandi og eftirfarandi umsögn er skrifuð af íslenskum foreldrunum sem eru í okkar hópi og sendum við hana inn fyrir hönd þeirra.

Við erum stuðningssamtök fyrir foreldra sem eiga börn með kynama (e. Gender dysphoria). Við eigum það flest sameiginlegt að börnin okkar hafa skyndilega á unglingsárunum byrjað að upplifa sig sem annað kyn en það líffræðilega. Við styðjum hvort annað og viljum styðja börnin okkar á besta mögulega hátt. Okkar markmið er að ungmenni með kynama fá bestu meðferð sem völ er á og við berjumst fyrir því að hún sé byggð á gagnreyndri læknisfræði. Innan okkar raða eru einnig heilbrigðisstarfsfólk sem og einnig einstaklingar sem hafa áður upplifað kynama en náð að lokum sátt við kyn sitt.

Frá íslenskum foreldrum:

Við erum íslenskir foreldrar ungmennis sem glímir við kynama. Ungmennnið hefur greint sig sjálft, af netinu, sem trans (öfugt við sitt líffræðilega kyn) og hefur komið út félagslega sem hitt kynið. Þetta gerðist allt fyrir um ári síðan. Eftir að hafa tilkynnt okkur foreldrum þessa nýju stöðu, breytti ungmennið nafni og kyni innan skólakerfisins án okkar vitundar og skólinn samþykkti án samráðs við okkur foreldrana og hafa skólinn, Menntamálaráðuneytið og Forsætisráðuneytið skýlt sér á bak við reglugerð (lög um kynrænt sjálfræði) sem leyfa slíkar breytingar án samþykkis foreldra/forráðamanna. Ungmennnið er undir 18 ára og félagsleg kynbreyting er hafin. Í dag er ekki mælt með félagslegri kynbreytingu nema sem hluta af klínískri meðferð enda talið inngríp í þroskaferilinn (samkvæmt NHS- England, 21. október 2022).

Ungmennnið á sögu af sálfræðimeðferð vegna þunglyndis, kvíða og sjálfskaða. Enginn sálfræðinganna véfengdi eða fór í dýpri könnun þegar málefnið kom upp í sálfræðitímum. Við foreldrarnir vorum upplýst um það að þeirra hlutverk, sem sálfræðingar, væri fyrst og fremst að hlusta og trúa skjólstæðingum sínum. Þá vissu þau ekki um þá stóru undiröldu sem var að rísa um allan heim, af börnum og ungmennum, með aukinni tíðni kynama.

Með þessu frumvarpi er lagt til að banna bælingarmeðferð við kynhneigð, kynvitund og kyntjáningu, frumvarp sem á yfirborðinu, lítur skynsamlega út. Það geta allir verið sammála því að bælingarmeðferð við kynhneigð skuli banna þar sem kynhneigð er eitthvað sem er og hefur alltaf verið til staðar, og ætti ekki með neinum hætti að breyta, og þarfnast ekki frekari umfjöllunar hér. Það sem veldur okkur foreldrunum miklum áhyggjum við þetta frumvarp er að kynami, kynvitund og kyntjáning eru af öðrum meiði og ætti því ekki að vera undir sama hatti og kynhneigð í þessu tilfalli. Þessi hugtök hafa óljósa skilgreiningu í íslenskum reglugerðum, breytast reglulega, hafa óljósan rekjanleika og almenningi er mikið til haldið frá umfjöllun um þessi hugtök. Þau einfaldlega birtast t.d. í lögum, reglugerðum og kennsluefni ætluðum börnum

og ungmennum. Þá getur þessi óljósa skilgreining á hvað talið er ólöglegt og hvað ekki, leitt til þess að innihaldsrík, upplýsandi og gagnrýn umræða fari síður fram um þetta málefni þar sem almenningur, yfirvöld og heilbrigðisyfirvöld veigra sér við að taka upp umræðuna.

Það sem er einnig mikið áhyggjuefni ef þetta frumvarp fer í gegn, að þá verður hægt að lögsækja foreldra og forráðamenn, eins og okkur, fyrir að sækjast ekki eftir „réttir“ meðferð fyrir ungmennið okkar við kynamanum. Sérfræðingar innan heilbrigðiskerfisins og skóla sem börn og ungmenni með kynama gætu leitað til, verður bannað að veita aðstoð eða leiðbeina þeim á nokkurn hátt til þess hjálpa þeim að finna leið út úr sinni vanlíðan án þess að samþykkja lausnina sem þau telja sig hafa fundið. Með leiðsögn þar sem vanlíðanin er skoðuð af dýpt er líklegra að þau muni læra með tímanum að sættast við sig eins og þau eru, leiðsögn sem nú á að banna. Þetta styðja nýjar leiðbeiningar NHS í Englandi; (NHS- England, 21. október 2022 og Singh et al., 2021).

Fyrir hvern þann einstakling sem er sannarlega trans og þarf á allri viðeigandi þjónustu að halda, þá gæti verið óþekktur fjöldi viðkvæmra barna og ungmenna sem að óþörfu dragast inn í þá einstefnu, að skipta um kyn með óafturkræfum hormóna – og skurðaðgerðum. Þessi börn og ungmenni gætu hafa greint sig sjálf sem trans af internetinu og hafa ákveðið sjálf hvaða meðferðarleið skuli vera framundan sem mjög líklega verður ekki véfengd af foreldrum/forráðamönnum né sérfræðingum innan heilbrigðiskerfisins og skóla vegna þessa frumvarps.

Í frumvarpinu er einnig verið að tengja eiginleika, eins og kynhneigð við aðra og ólíka mannlega eiginleika eins og kynama, kynvitund og kyntjáningu. Með því, hafa mælendur frumvarpsins tengt vel studda og þekkt hugmynd fólks um kynhneigð saman við lítið þekkt og nýlegri nálgun á kynama, kynvitund og kyntjáningu án frekari rökstuðnings eða með tilvísun í áreiðanlegar heimildir.

Frumvarp sem þetta er allt eins líklegt til að valda, fremur en að hindra skaða með því að banna foreldrum barna og ungmenna að kanna fleiri möguleika en skilyrðislaust samþykki á óafturkræfri vegferð.

Okkur finnst að mælendur þessa frumvarps þurfi að veita mun meiri stuðningsgögn þar sem þetta frumvarp er á þeirra ábyrgð og sem mælendur frumvarps þurfi að sýna fram á að breytingar sem þessar geri meira gagn en skaða. Við hvetjum því þingheim að hafna þessu frumvarpi í þeirri mynd sem það er í dag. Það þarf að gefa sér meiri tíma til að kafa í málefnið, kynna sér málefnið til hlítar, fá umræðuna inn í samfélagið og endurskoða það með börn og ungmenni með kynama í huga.

Vegna aðstæðna og smæð þjóðarinnar, þá óskum við eftir nafnleynd.

Virðingarfyllst,
Íslenskir foreldrar

Fyrir hönd Genid
Julianna Miklos, stjórnarformaður

Heimildir:

Singh, D., Bradley, S. J., & Zucker, K. J. (2021). A Follow-Up Study of Boys With Gender Identity Disorder. *Frontiers in Psychiatry*, 12.

<https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fpsyt.2021.632784/full>

NHS- England, 21. október 2022. *Public consultation Interim service specification for specialist gender dysphoria services for children and young people* (Publication reference: PR1937_ii).

[b1937-ii-interim-service-specification-for-specialist-gender-dysphoria-services-for-children-and-young-people-22.pdf \(england.nhs.uk\)](https://www.nhs.uk/consult/iaopenpage/1937/ii/interim-service-specification-for-specialist-gender-dysphoria-services-for-children-and-young-people-22.pdf)